

Fálkasetur Íslands

6. fundur stjórnar 26. mars 2012, símafundur kl. 13.00.

Mættir: Aðalsteinn, Sverrir, Hjörleifur, Halldór, Guðlaugur .

Eftirfarandi málefni voru rædd:

Tillögur Hróbjarts í Blokkinni um lógó hafa farið á milli stjórnarmanna og tekið breytingum sem stjórnarmenn lýstu ánægju með og ákveðið að fullgera lógóið samkvæmt síðustu tillögu.

Stella hefur unnið að uppsetningu vefsins í samstarfi við Blokkina og hefur ritstjórn farið yfir efnið sem þegar er komið í vefsíðudrögin. Stjórnarmenn eru ánægðir með það sem komið er og hefur Stella unnið gott verk með aðstoð Aðalsteins. Sverrir mun fara yfir texta sem komnir eru. Sverrir og Stella hafa verið í sambandi við ljósmyndarana Daníel og Magnús, áfram verður unnið að því að afla mynda. Ljóst er að takmarkaðir fjármunir munu fljótlega setja vinnu við vefsíðuna skorður.

Hjörleifur formaður fór yfir dagskrá aðalfundar sem haldinn verður í Gljúfrastofu kl. 20.00 föstudagskvöldið 30. mars n.k.. Sverrir gjaldkeri kemst ekki á fundinn en mun koma reikningum til endurskoðenda í tæka tíð.

Hjörleifur kynnti hugmynd að sameiginlegri fræðsludagskrá Þjóðgarðsins og Fálkaseturs á komandi sumri. Stefnt er að því að þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum bjóði upp á gönguferð einu sinni í viku á fálkaslóðir með viðeigandi fræðslu. Sverrir og Aðalsteinn samþykktu f.h. Fálkaseturs að halda fræðslufund fyrir landverði í maí.

Rætt var hvernig staðið verður að því að greiða stjórnarmönnum lágmarkskostnað vegna ferða á stjórnarfundi. Ekkert ákveðið enda fjármagn ekki til fyrir slíku sem stendur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halldór Valdimarsson ritari